



Stóru -Vogaskóli  
Virðing - Vináttu - Velgengni

# Skólanámskrá

## Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga





**Stóru -Vogaskóli**  
Virðing - Vinátta - Velgengni

## Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Forsaga.....	4
Námsframboð.....	4
Forskóli.....	4
Kennslutilhögun.....	4
Markmið.....	4
Viðfangsefni.....	4
Framkoma.....	5
Samstarf.....	5
Píanónám.....	5
Kennslutilhögun.....	5
Markmið.....	5
Viðfangsefni.....	6
Heimaæfingar.....	6
Tónfræði.....	6
Framkoma.....	6
Samstarf.....	7
Önnur hljóðfæri.....	7

## FORMÁLI

Í skólanámskránni er leitast við að gefa heildarmynd af starfsemi skólans, þar á meðal skipulagi, námi, kenndu og uppbyggingu skólustarfsins. Einnig er í henni að finna stutt ágríp af sögu skólans. Tónlistarskólinn gegnir lykilhlutverki við miðlun tónlistarþekkingar og þróun tónlistarlífs í bæjarfélaginu. Skólinn þjónar breiðum hópi tónlistaráhugafólks á ýmsum aldri, jafnt þeim sem stunda námið sér til ánægju og þeim sem hyggjast leggja tónlistina fyrir sig. Mikilvægt er að tónlistarnám veiki ánægju og örvi nemendur til að iðka tónlist og njóta hennar.

Tónlistarskólinn okkar hefur verið lyftistöng fyrir sveitarfélagið og hafa foreldrar, nemendur og starfsmenn lýst yfir mikilli ánægju með starfsemi hans.

Að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám í heimabyggð er mikill plús fyrir byggðarlagið og viðurkennt að það er til bóta fyrir nám og líðan almennt. Það eykur víðsýni og þroska nemenda, ræktar listræna hæfileika þeirra og eflir sköpunargáfu. Tónlistariðkun eykur einnig félagsþroska, og með því að bjóða upp á tónlistarnám hér í sveitarfélaginu reynum við að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms.

Þess er vænst að skólanámskrá Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga komi nemendum, foreldrum og forráðamönnum barna í skólanum að góðu gagni.

Vogum, ágúst 2014

Svava Bogadóttir

skólastjóri

#### FORSAGA:

Tónlistarskóli Sveitarfélagsins Voga tók til starfa í ágúst 2010.

Skólinn er sjálfstæð eining innan Stóru-Vogaskóla.

1 fastráðinn kennari er við skólann (sá sami frá upphafi) og sinnir hann píanókennslu, forskólakennslu og deildarstjórn (fastráðning 68% staða).

Gítarkennari hefur haldið 1-2 námskeið á ári.

Starfsemi skólans helst í hendur við starfsemi Stóru-Vogaskóla (sömu kennsludagar og frídagar) og sækir fastráðinn kennari skólans starfsmannafundi Stóru-Vogaskóla.

#### NÁMSFRAMBOÐ:

#### FORSKÓLI:

##### Kennslutilhögun:

Nemendur í 2. og 3. bekk fá allir ókeypis kennslu í forskóla tónlistarskólans og fellur sú kennsla inn í stundarskrá þeirra bekkja. Hálfum bekk er kennt í senn, þannig að forskólahóparnir eru fjórir, - og er hverjum hópi kennt í 40 mínútur einu sinni í viku.

Börnin koma með sínar eigin blokkflautur að heiman og mælst er til að þau eigi líka kennslubókina Flautað til leiks, svo heimaæfingar þeirra verði markvissari. Börnin þurfa ekki að koma með kennslubókina í skólann, því önnur eintök eru notuð í kennslustofunni. Önnur kennslugögn fá börnin í skólanum.

##### Markmið:

- Að nemendur fái notið þeirra gilda sem tónlistariðkun hefur í sjálfu sér.
- Að nemendur öðlist grunnfærni og grunnþekkingu í tónlistargreinum.
- Að nemendur nái tökum á að leika á eitt laglínuhljóðfæri (blokkflautu).
- Að byggja upp og efla áhuga á áframhaldandi tónlistarnámi.

##### Viðfangsefni:

- Blokkflautuleikur.
- Leikur á ásláttarhljóðfæri.

- Hlustunarverkefni.
- Skrifleg verkefni.
- Tónheyrn.
- Tónlistarleikir.
- Þjálfun í nótnalestri.
- Almennur fróðleikur (tónlistarsaga, hljóðfæraflokkar o.m.fl.)
- Hreyfing.
- Samþætting ofangreindra atriða.

#### Framkoma (performance):

Börnin leika á samverum Stóru-Vogaskóla einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Einnig leika þau á jólatónleikum og vortónleikum tónlistarskólans. Oftast leika þau á blokkflautu (2 lög í hvert sinn) en stundum á ásláttarhljóðfæri (2.bekkur). Stöku sinnum leika þau við önnur tækifæri, þá oftast í tengslum við uppákomur í Stóru-Vogaskóla.

#### Samstarf:

Fastráðinn kennari tónlistarskólans er í miklu og góðu samstarfi við umsjónarkennara 2. og 3. bekkjar, sem og skólastjóra og annað starfsfólk Stóru-Vogaskóla.

Foreldrafundur er haldinn í september ár hvert.

Annað samstarf við foreldra fer að mestu fram með tölvupósti til allra foreldra, - en einnig hafa foreldrar samband við forskólakennara í gegn um bekkjarkennara, ritara, skólastjóra, eða beint í síma eða með tölvupósti. Upplýsingar um síma og netfang fást hjá ritara Stóru-Vogaskóla.

Foreldrum er frjálst að koma í kennsluheimsóknir, þ.e. vera í kennslustund (ekki þó margir í einu).

#### PÍANÓNÁM:

##### Kennslutilhögun:

Kennt er í húsnæði Stóru-Vogaskóla tvisvar í viku, 30 mínútur í senn.

Annar daginn er veltitafla, þ.e. "róterandi" stundaskrá, þar sem nemendur eru oftast teknir út úr grunnskólatímum. Hinn daginn eru nemendur með fastan tíma eftir að grunnskólastarfi lýkur.

Kennt er á gott Yamaha-píanó í kennslustofu skólans, en aðgangur er líka að flygli í Tjarnarsal (matsal Stóru-Vogaskóla).

Í sérstöku tilfellum má semja um æfingar á píanó sem staðsett er í unglingadeild Stóru-Vogaskóla.

##### Markmið:

- Að nemendur öðlist færni í píanóleik.
- Að nemendur verði færir um að njóta þess að leika á hljóðfæri.

- Að nemendur finni á eigin skinni gildi tónlistarinnar.
- Að styrkja og auka áhuga nemenda á tónlistariðkun.

#### Viðfangsefni:

- Kennt er að mestu leyti hefðbundið, það er eftir nótum, - en líka er lögð áhersla á að nemendur læri utan bókar og eftir eyra. Jafnvægi og hlutfall hvorrar aðferðar fyrir sig fer eftir því hvað hentar hverjum nemenda, þ.e. mikil áhersla er lögð á einstaklings"námskrá" og einstaklingsþarfir.
- Flestir nemendur byrja með kennslubók Björgvins Þ Valdimarssonar: Píanóleikur 1.hefti, - en næstu bækur eru valdar í góðu samráði kennara við hvern nemanda.
- Nemendur útskrifast úr kennslubókum (samkvæmt fyrirmynd úr Suzuki-námi) en það er fyrirkomulag sem þekkist ekki í öðrum hefðbundnum tónlistarskólum.

#### Heimaæfingar:

- Gerð er krafa um að nemendur sinni heimanámi, því sem næst daglega.
- Kennari skrifar í stílabók það sem nemandi á að æfa heima, hvernig hann á að æfa og ýmislegt sem hann þarf að muna. Líka stundum skilaboð til foreldra.
- Nauðsynlegt er að píanó sé til á heimili nemandans. Hljómborð kemur ekki að sama gagni, en er þó ásættanlegt (í samráði við kennara) í u.þ.b. hálfan vetur. Nauðsynlegt er að píanóið á heimilinu sé þannig staðsett að nemandinn hafi aðgang að því þegar honum hentar (að píanóið sé t.d. ekki "í samkeppni" við sjónvarp).

#### TÓNFRÆÐI:

Tónfræðikennsla hófst haustið 2015 með kennslu í einum 3ja nemenda hópi.

Stefnt er að því að framvegis verði kennt í tveimur til þremur hópum, eða eins og þörfin er hjá nemendum tónlistarskólans hverju sinni.

Markmið kennslunnar er að nemendur verði færir á sviði tónfræði, tónlistarsögu og tónheyrnar - og að tengja þessi fræði við hljóðfæranámið.

Stuðst er við Ópus-kennslubækurnar.

Nemendur taka tónfræðiþróf á miðjum vetri og að vori.

#### Framkoma (performance):

Nemendur spila á samveru Stóru-Vogaskóla einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Þeir spila

einnig á jólatónleikum og vortónleikum tónlistarskólans. Stundum koma þeir fram í annan tíma, t.d. á upplestrarkeppni og skólaslitum Stóru-Vogaskóla.

Mælt er með að nemendur spili sem oftast fyrir áheyrendur, t.d. í fjölskylduboðum. Stundum er betra að hafa samráð við píanókennarann, t.d. ef nemandi ætlar að spila með öðrum.

Samstarf:

Píanókennari er í góðu samstarfi við bekkjarkennara píanónemenda, skólastjóra og annað starfsfólk Stóru-Vogaskóla.

Foreldrafundur er einu sinni á ári, í september.

Annað samstarf foreldra og píanókennara fer fram í síma og með tölvupósti. Símanúmer og netfang fæst hjá ritara Stóru-Vogaskóla.

Foreldrum er heimilt að sitja einstaka kennslustund.

**ÖNNUR HLJÓDFÆRI:**

Boðið er upp á 8 vikna námskeið í hópkenndu á gítar eða ukulele bæði á haustönn og vorönn.

Aðstandendur skólans hafa mikinn hug á að stækka skólann og efla fjölbreytni, þegar fjármagn og aðrar aðstæður leyfa.